



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 4.bekkur

Námsgrein: Tónmennt

Fjöldi kennslustunda á viku: 2 kennslustundir

Kennarar: Marina Shulmina og Ágúst Ólafsson

Markmið: Tónmennt er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst bæði hlustun og að njóta, sköpun og flutningur. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2024).

Kennsluaðferðir: Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir: Innlögn frá kennara, sýnikennslu, jafningjakennslu, hópavinnu og fleira.

Námsgögn: Glærur, myndbönd og verkefnablöð.

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
<i>Ekki gefið A</i>	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
<i>Ekki gefið D</i>	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni. B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
1.- 6. vika Hópverkefni í tónsköpun	Söngur og hljóðfæraleikur Sköpun og skráning Hlustun og greining	beitt rödd sinni og tekið þátt í söng, samið, einn eða í hópi, stutt lag eða hljóðverk, rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun.	-Leiðsagnarmat -Mat á vinnusemi og vinnubrögðum, sjálfstæði og sköpun -Lokamat á verkefninu